

Fundargerð 2. fundar deildar leiðsögufólks í VR

Fundarstaður og dagsetning: Fjarfundur, 1. júlí '25 kl. 21:00.

Mættir: Halldór Kolbeins (formaður), Hildur Þöll Ágústsdóttir, Þór Bínó Friðriksson, Örvar Már Kristjánsson, Daði Hrólffson, Bára Kristín Pétursdóttir, Jens Ruminy (mætir kl. 21:09), Stefán Sveinbjörnsson (framkvæmdastjóri VR) og Aðalheiður Rán Þrastardóttir (verðandi starfsmaður deildar).

Næsti fundur: 2. september 2025

Fundarritari: Aðalheiður Rán Þrastardóttir

Málsnúmer í One: 2506279

Formaður setur fund kl. 21:07. Formaður stýrir fundi.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Formaður gefur framkvæmdastjóra VR orðið. Hann fer yfir form fundargerðar, hvernig þær eru ritaðar. Nöfn mælenda eru ekki rituð, einungis málefnið, umræða og niðurstaða.

Jens mætir á fund kl. 21:09

Þremur sólarhringum, 72 klst., eftir stjórnarfund er fundargerðin sett í stjórnargáttina. Þá getur stjórnarfolk komið með athugasemdir. Bókanir eru settar í fundargerðir. Ef ósætti er við bókun er hægt að bóka á móti bókuninni. Fundargerð, ásamt athugasemdum, er borin fram til staðfestingar í upphafi næsta fundar og skal það stjórnarfolk er viðstatt var fundinn í kjölfarið undirrita fundargerðina rafrænt.

Umræða

Athugasemd var gerð við síðustu fundargerð, formaður er Kolbeins en ekki Kolbeinsson.

Spurt er á hvern athugasemdir skulu sendar – á þann er ritar fundargerðina.

Starfsmaður deildar, eða annar starfskraftur VR, ritar fundargerðina og því þarf ekki að samþykkja það sérstaklega á öllum fundum.

Niðurstaða

Fundargerð er samþykkt og kemur til rafrænnar undirritunar á morgun með tölvupósti.

2. Starfsreglur deildar LSF í VR.

Formaður fer yfir hvað hann telur að þurfi að breyta við starfsreglurnar, sjá skjalið „Starfsreglur deildar leiðsögufólks í VR“. Vilji er til að hafa tvo varamenn á öllum fundum og fjóra stað-/vinnufundi á ári. Hægt sé að endurskoða starfsreglurnar síðar sé þörf á. Formaður gefur öðrum stjórnarmeðlimum orðið.

Umræða

Almenn ánægja með starfsreglurnar og undirtektir við ábendingum formanns. Velt upp hvort gott væri að hafa stað-/vinnufundi fjær sumri og á tímum er vitað er að verkefnastaða sé minni en t.d. að sumri. Vilji til að halda staðfundi á að minnsta kosti þriggja mánaða fresti. Lagt til að fundardagskrá ársins sé ákveðin með góðum fyrirvara. Því svarað til að fundir séu ávallt fyrsta þriðjudag mánaðarins. Staðfundir geti verið lengri, gefa út með góðum fyrirvara hvenær þeir séu haldnir. Ekki mælt til að hafa blandaða fundi, þar sem sumir eru á fjarfundi en aðrir á staðnum, það getur leitt til þess að þeir sem séu í fjar taki minni þátt. Búið að ræða að næsti staðfundur sé 2. Sept.

Niðurstaða

Athugasemdir á starfsreglur deildar eru að tveir fyrstu varamenn skulu almennt boðaðir á alla fundi, samþykkt einróma. Fundardagskrá skal liggja fyrir yfir árið, fundir ekki blandaðir – annað hvort stað- eða fjarfundir. Staðfundir skulu vera að minnsta kosti á þriggja mánaða fresti. Starfsreglur með þessum breytingum samþykktar samhljóða.

3. Upplýsingamiðlun til félaga í deild leiðsögufólks VR.

Formaður spyr hvernig upplýsingamiðlun sé best til félaga. Hingað til hefur virkað best að senda tölvupóst á félag. Framkvæmdastjóra VR gefið orðið. Upplýsingar til félaga VR fara almennt í gegnum heimasíðu félagsins. Þá erum við meðal annars með Facebook hópa fyrir trúnaðarmenn þar sem umræður eru um ýmist sem upp getur komið á vinnustöðum og lausnir við því. VR sér fyrir sér að stofna Facebook hóp þar sem einungis fólk í deild leiðsögufólks í VR séu meðlimir. Hópurinn mun hafa stífar reglur og verður honum ritstýrt. Meiðandi ummæli, persónulegar árásir og ómálefnaleg umræða verður fjarlægð. Starfsmaður deildar mun sjá um að ritstýra hópnum. Talið að með þess háttar síðu sé hægt að koma upplýsingum með sem einföldustum hætti til félaga og sé þess háttar miðlun ekki jafn einstefnuleg og tölvupóstur.

Umræða

Til er Facebook hópur sem ekkert hefur verið sett inn á og tillaga um að VR taki þann hóp yfir þar sem erfitt hefur reynst að eyða hópnum.

Tekið undir að hópur sem þessi geti verið góður vettvangur þar sem hann sé ritrýndur og því eigi leiðinlegar umræður ekki að eiga sér stað. Stjórnarfolk þurfi að vera duglegt að vekja athygli á nýrri síðu leiðsögufólks á vr.is.

Niðurstaða

Samþykkt af öllu fundarfólki að farin sé sú leið að stofna ritrýnda Facebook síðu. Hvaða upplýsingum skal miðlað þar verður tekið upp á næsta fundi, vinnufundi 2. september.

Formaður spyr hvaða vettvang stjórn vill nota til að miðla upplýsingum sín á milli, er vilji til lokaðs Facebook hóps? Trúnaður nefndur sérstaklega. Þegar beðið er um athugasemdir er lagt er til að nota Whatsapp hóp. Þá bent á að öll skjöl og myndir sem settar séu í þess háttar hóp hlaðist sjálfkrafa niður í síma fólks. Niðurstaða að byrja á báðu en skoða hvort telst öruggara.

4. Verkefni sem deildin ætlar að vinna á komandi starfsári.

Formaður nefnir að enn þurfi að vinna eldri verkefni og fólk hafi hugmyndir að fleirum. Leggur til að á vinnufundi 2. sept. verði farið yfir verkefnin. Er vilji til að hafa vettvang þar sem hægt sé að safna saman hugsanlegum verkefnum? Framkvæmdastjóri VR varpar upp glæru af 1. fundi deildar í júní þar sem listað var upp helstu verkefnum deildarinnar.

Umræða

Gott að einbeita sér að fáum verkefnum í einu og klára þau vel. Einbeita að klára úttektina á námi og starfsleyfis skylduna. Allir þurfa ekki að vera í öllu í einu. Vinnustaðaeftirlitið sé t.d. verkefni sem verið sé að vinna í og þeir sem þar eru halda því áfram. Í kjölfarið spurt út í hvort eitthvað leiðsögufólk hafi verið með í eftirlitinu er farið var í á Suðurlandi í síðustu viku (sjá í önnur mál). Því svarað til að leiðsögufólk hafi verið með í undirbúningi eftirlitsins en gátu ekki verið með í eftirlitinu sjálfu þar sem að einhverju leyti sé það í samkeppni við það fólk. Spurt var út í árangur eftirlitsins, það tekið undir *önnur mál*.

Mögulega þarf að taka upp mál hvað varðar lokun bus stop 8 við Hallgrímskirkju. Rætt að hafa aðgang að nefndum svo hægt sé að hafa áhrif áður en breytingar komi til.

Niðurstaða

Mikilvægt að hafa góðan gagnagrunn og góða yfirsýn yfir verkefni sem stjórn svo forgangsraðar. Fara í færri mál í einu. Við vitum að sum mál geti tekið tíma, þau þurfa þó að vera í gangi. Eflaust fullt af málum sem varðar kjarasamninginn. Ekki hægt að vinna í þeim fyrr en 2028, en gott að safna þeim saman. Þetta verður tekið upp á vinnufundi í september og skal stjórnarfolk vera búið að setja niður á blað hvað það vill að gert sé. Gerir ráð fyrir því að fólk þurfi að taka daginn frá, mæta vel undirbúin. Þeir sem ekki geta mætt, vera búin að undirbúa og koma á það fólk sem mætir.

5. Vinnufundur stjórnar deildar leiðsögufólks 2. september 2025.

Formaður telur að gott verði að byrja daginn snemma fremur en að vera langt fram á kvöld. Leggur til kl. 10-14.

Umræða

Ekki gott að vera með blandaðan fund. Tillaga um að komist fólk ekki á staðfund hvort það geti fylgst með fundinum, þ.e. hlustað á hann án athugasemda. Í raun ekkert mál ef svo er, getur tekið þátt í fundinum en fólk í fjar er oft ekki jafnmikið með á fundum.

Nefnt að fólk vilji fá dagsetningar allra funda inn fyrir veturinn. Sett var inn fundardagskrá á síðasta fundi með tillögu að stjórnarfundum. Samþykki stjórnarfolk þá dagskrá sendum við inn fundarboð á alla þessa fundi. Fjarfundir ákveðnir kl. 21 fyrsta þriðjudag hvers mánaðar en staðfundir séu haldnir 2.

september, 6. janúar og 14. apríl (seinkun sökum páska) kl. 10. Tekið fyrir í september hvort eigi að hafa staðfund einnig í nóvember.

Fundarröð verður útbúin þar sem stjórnarfolk, auk fyrstu tveggja varamanna, fá boð á alla fundi. Ef þrír forfallast verður þriðji varamaður boðaður o.s.frv. Varamenn fjallaleiðsögufólks og ökuleiðsögufólks eru einungis boðaðir forfallist þeirra aðalmenn. Þeir sem ekki eru boðaðir fá þó senda fundardagskránnar svo þeir viti hvað stendur til.

Örvar Már boðar forföll 2. september og Bára Kristín er kölluð til.

6. Önnur mál.

Formaður gefur framkvæmdastjóra orðið. Hann segir frá vinnustaðaeftirliti sem farið var í 23.-25. júní sl. Farið var á þrjá staði, Þingvelli, Gullfoss og Geysi. Með í áttakinu var vinnustaðaeftirlitið VR, vinnustaðaeftirlitið ASÍ, Vinnueftirlitið, Lögreglan og Skatturinn. Tveir leiðsögumenn voru til hliðar til ráðgjafar um hvert skyldi fara, hvað skoðað, hvaða tímasetningar væru hentugar o.fl. Kom í ljós að þó nokkur fyrirtæki voru ekki með leyfi á Íslandi og einhverjir bílstjórar voru ekki með leyfi til farþegaflutninga. Rætt var við fjölda verktaka sem var ýtt í verktöku að frumkvæði atvinnurekenda til að lækka launakostnað fyrirtækisins. Einnig starfsfolk með svokallaða núllsamninga, þ.e. samninga án starfshlutfalls. Lögreglan hafði afskipti af ökuhöfðum m.a. vegna hvíldartíma og stoppaði til að mynda ökuhöfð er hafði unnið 56 daga í röð. Sjáum að m.v. aðrar starfsgreinar er mikið af brotum í geiranum, mikið af leyfislausu fólki.

Framkvæmdastjóri heldur áfram. Fleiri ferðir skipulagðar, einnig á hálendið. Forvarnargildi er í eftirlitinu. Nauðsynlegt er að hafa leiðsögufolk með í undirbúningi. Eftirlitsfulltrúar sáu einnig að eitthvað leyfislaust leiðsögufolk laug blákalt um að þau væru einungis að leiðsögja ættingjum, ekki gestum.

Tekin voru niður nöfn og vegabréfsnúmer þess leiðsögufólks er taldi sig vera að leiðsögja ættingjum svo í ljós ætti að koma síðar hvort sama fólk leiki sama leik. Nauðsynlegt er að skapa kanal þar sem við getum farið í reglulegt eftirlit, ekki þurfi alltaf svo stórar aðgerðir. Bráðnauðsynlegt að þetta sé gert aftur og aftur. Ánægja með eftirlitið.

Passa þarf upp á að það sé auðvelt að koma ábendingum til okkar um hvað vinnustaðaeftirlitið geti skoðað. Skoðum heimasíðu okkar, hvernig best sé að koma því í farveg.

Formaður tekur orðið, dagskrá er tæmd, spyr um önnur mál.

Þór Bínó

Fékk spurningu um hvenær aðalfundur deildarinn yrði. Það hafði komið til tals varðandi fundardagskrá fyrir árið, hann verður í október. Gott væri að fá nákvæma dagsetninguna og henda því inn.

Skírteini sem gefin voru út hjá Leiðsögn, hvernig er með þau núna og það þurfi að miðla upplýsingum hvað það varðar.

Framkvæmdastjóri svarar – varðandi skírteini eru þau til staðar, 50+ hafa óskað eftir því og eru þau klár fyrir þau sem vilja plastskírteini.

Hvernig bregðumst við við þeim er greiða í annað félag en vilja taka þátt í faglegu starfi okkar?

Framkvæmdastjóri svarar – félagið er ekki opið fyrir aðra en þá sem greiða í félagið. Starfi fólk við leiðsögn á það að greiða í félagið af þeim tekjum þar sem VR sé eina félagið fyrir leiðsögufólk. Greiði fólk ekki í félagið getur það ekki tekið þátt í félagslegu starfi þess.

Starfsmaður VR hafi sagt um daginn að VR hafi ekki upplýsingar um hverjir voru áður í LS.

Framkvæmdastjóri svarar – það hlýtur að vera misskilningur því það er til í kerfinu okkar.

Framkvæmdastjóri nefnir afsláttarkjör sem leiðsögufólk var með t.d. í útivistarþúðum. Verið er að vinna í þeim lista og sjá hvort þau afsláttarkjör haldi sér.

Örvar Már

Hvað varðar launagreiðendur var sumt fólk búið að senda inn áður en það fékk bréfið frá VR um að skila ætti gjöldum til VR. Þarf það fólk að senda allt aftur inn?

Framkvæmdastjóri svarar – Leysum þetta þannig að við gefum upp reikningsnúmer og þá sé þetta lagt inn.

Upplýsingar voru gefnar um að greiða skuli í félagsheimilaskjöld og orlofsskjöld – núllar hann félagsheimilaskjöldinn út?

Framkvæmdastjóri svarar – það er ekki til neinn félagsheimilaskjöldur eingöngu orlofsskjöldur.

Bára Kristín

Hvað varðar upplýsingagjöf til leiðsögufólks og þau sem ekki eru aðilar að VR. Margir eru enn með virkt árgjald. Getur vakið upp reiði ef fólk hefur ekki aðgang að upplýsingum.

Framkvæmdastjóri svarar – Það fólk sem vinnur sem leiðsögufólk getur greitt í VR. – Skotið inn að um sé að ræða verktaka, sumarstarfsfólk, stundum fyrrum leiðsögufólk. Árgaldið, 10.000 kr. áttu að vera fram að næsta voru. Því svarað að í þessu millibilsástandi getum við skoðað þetta, verið opin fyrir því að hleypa þessu fólki inn. Þó ætlast til þess að vilji leiðsögufólk taka þátt í okkar starfi þurfi það að vera félagar VR og greiða til VR

Til að auðvelda upplýsingagjöfina, er vilji til að halda gamla Facebook hópnum inni fram að næsta sumri, halda þá úti tveimur hópum.

Framkvæmdastjóri telur betra að halda úti einum hópi og hleypa fleirum þar inn frekar en færri.

Ítrekar að leiðsögufólk eigi ekki að greiða í önnur stéttarfélög.

Hvað varðar ritstýrða Facebook hópinn þurfa vera skýrar reglur, hver skilyrði séu til að hafa aðgang að hópnum. Leggja þarf hinum Facebook hópnum þar sem Leiðsögn er ekki lengur til. Vera komin með

skýrar línur hvað þetta varðar á vinnufundi 2. september. Árgjaldsfólkið munu líklega hafa aðgang í einhvern tíma en verður svo eytt úr hópnum uppfylli þau ekki skilyrði um félagsaðild.

Formaður slítur fundi kl. 22.30.